

423. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 1. júní 2017 kl. 13:00 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, starfandi formaður, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ, Páll Rafnar Þorsteinsson aðstm. ráðherra og Oddný Steina Valsdóttir formaður LS. Forföll boðuðu Arnar Árnason formaður LK og Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur FJR. Þá var mættur Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar.

Fundargerð ritaði Elísabet Anna Jónsdóttir ANR.

Þetta var gert:

1. Fjárfestingarstuðningur í nautgriparækt. Lögð var fram stöðuskýrsla vegna fjárfestingarstuðnings í nautgriparækt, sem var tekin saman af Búnaðarstofu MAST. Í skýrslunni kemur fram að til úthlutunar hafi verið tæpar 275 m.kr. Þar af hafi verið um 195 m.kr. skv. fjárlögum og viðbót vegna framleiðslujafnvægis hafi verið 80 m.kr. 125 umsóknir um endurbætur hafi borist og þar af hafi 17 umsóknum verið hafnað eða þær dregnar til baka. Hæsti veitti styrkur vegna endurbóta hafi verið 5 m.kr. en meðaltal hafi verið 768 þús. 52 umsóknir um nýframkvæmdir hafi borist og þar af hafi 2 umsóknum verið hafnað eða þær dregnar til baka. Hæsti styrkur hafi verið 5 m.kr. en meðaltal hafi verið 3,3 m.kr. Rætt var um túlkun 24. gr. reglugerðar nr. 1150/2016 um stuðning í nautgriparækt svo að umsóknaraðilar eigi rétt á stuðningi samkvæmt ákvæðinu í allt að þrjú ár vegna sömu framkvæmdarinnar. Nefndin túlkar það svo að sá skilningur sé réttur.
2. Nýliðunarstuðningur. Kynnt voru fyrir nefndinni drög að verklagsreglum MAST vegna forgangsröðunar nýliðunarumsókna. Í drögum er umsóknum forgangsraðað eftir menntun, jafnréttissjónarmiðum og eignarhlut, þ.e. hve stóran hlut í búrekstri umsækjandi kaupir samkvæmt umsókn. Er þessi forgangsröðun í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1240/2016 um almennan stuðning við landbúnað. Fulltrúar bænda óska eftir því að fá ráðrúm til að rýna frekar í framlögð drög.
3. Erindi Markaðsráðs kindakjöts. Tekið fyrir erindi ráðsins frá 24. maí 2017, þar sem óskað var eftir því við nefndina, í samræmi við 3.7. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016, að 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum ársins 2017 verði varið til markaðsmála. Jafnframt var óskað eftir því að féð yrði viðbót við sérstakt tímabundið átaksverkefni til sölu og kynningar á íslensku kindakjöti erlendis vegna sérstakra ytri aðstæðna sem samkomulag hafi verið gert um á milli Markaðsráðs kindakjöts og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, frá 9. febrúar 2017. Rætt var um að þessi framkvæmd sé í samræmi við framkvæmd síðastliðinna ára. Ráðstöfun þessi var samþykkt. Þó komu fram þau sjónarmið að ef til vill hefði verið vænlegra að afgreiða umrætt erindi þegar niðurstaða tilgreinds erindis Markaðsráðs sem er nú til afgreiðslu hjá Samkeppniseftirlitinu liggur fyrir.
4. Stuðlar um samsetningu mjólkur. Tekin var fyrir tillaga Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, frá 31. maí 2017, að nýjum ríkisstuðlum til umreiknings á ráðstöfun mjólkur. Fram kemur í erindi SAM að lækkað efnainnihald og aukinn mismunur í magnuppgjöri á fitu og próteingrunni hafi nú leitt til þess að nauðsynlegt sé að endurreikna fyrrgreinda ríkisstuðla. Stjórn SAM gerði tillögu til nefndarinnar um að nefndin staðfesti nýja ríkisstuðla til

umreiknings á ráðstöfun mjólkur og til mats á stærð innanlandsmarkaðar og að stuðlarnir gildi frá 1. júní 2017. Tillaga SAM að nýjum stuðlum var samþykkt, sbr. 52. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

5. Birgðastaða og erfiðleikar í sölu kindakjöts. Almennt var rætt um málið en hafa forystumenn bænda rætt ítarlega við ráðherra um þann vanda sem við er að glíma.
6. Önnur mál.
 - a) Fjallað um sláturálag á nautakjöt samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1150/2016 um stuðning í nautgriparækt. Nefndinni kynnt staða greiðslna til dags. 31. maí 2017.
 - b) Rætt um markmiðið með greiðsluþaki sbr. 3. gr. og 24. gr. reglugerðar nr. 1150/2016. Nefndin leggur til að álitaefni varðandi þetta verði skoðuð við næstu endurskoðun reglugerðarinnar.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 15:45.